

Ákvörðun kjaranefndar Þjóðkirkjunnar um laun biskups Íslands og vígslubiskupa

Hinn 12. desember 2022 kom kjaranefnd Þjóðkirkjunnar saman í húsnaði biskupsstofu í Grensáskirkju til að meta hvort tilefni sé til breytinga á launum biskups Íslands og vígslubiskupa, sbr. 2. mgr. 4. gr. starfsreglna um kjaranefnd Þjóðkirkjunnar nr. 12/2021-2022. Starfsreglur þessar voru samþykktar á kirkjuþingi í október 2021, en á aukakirkjuþingi hinn 27. ágúst 2021 hafði þingið samþykkt þingsályktun um að kjaranefnd kirkjunnar ákvarðaði laun og önnur starfskjör biskups Íslands og vígslubiskupa.

Nefndinni var fyrst komið á fót með starfsreglum nr. 981/2020 og var á grundvelli þeirra reglna gerður kjarasamningur við presta 1. júní 2021. Í starfsreglunum er kjaranefnd, í 4. tl. 2. gr., falið að ákvarða laun biskups og vígslubiskupa en í 4. gr. reglnanna er fjallað sérstaklega um þessa ákvörðun. 1. mgr. 4. gr. starfsreglnanna hljóðar svo:

Þegar kjaranefnd ákvarðar laun og önnur starfskjör biskups Íslands og vígslubiskupa aflar nefndin af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og upplýsinga. Í því skyni getur nefndin óskað eftir skýrslum, munnlegum og/eda skriflegum til að tryggja fagleg vinnubrögð, að mál séu hæfilega rannsökuð áður en ákvarðanir eru teknar og að þeir sem ákvarðanir beinast að komi sjónarmiðum sínum að. Nefndin getur og heimilað málsaðilum að reifa mál sitt fyrir kjaranefnd.

Kjaranefnd skal meta árlega hvort tilefni sé til breytinga á launum biskups Íslands og vígslubiskupa.

Um störf vígslubiskupa gilda nú starfsreglur um vígslubiskupa nr. 33/2022-2023. Ekki hafa verið settar starfsreglur á kirkjuþingi um störf biskups Íslands.

Kjaranefnd aflaði sér upplýsinga og fékk gesti á sinn fund í aðdraganda ákvörðunar þessarar. Meðal annars fékk nefndin kynningu á jafnlaunavottun Þjóðkirkjunnar. Þar komu fram upplýsingar er varða samanburð á launum biskupa annars vegar og stjórnenda á biskupsstofu hins vegar sem nefndin fjallaði nokkuð um. Þá kom í ljós nokkurt misræmi varðandi stöðu æðstu stjórnenda annars vegar á skipuriti Þjóðkirkjunnar, sem staðfest var af aukakirkjuþingi 2021, og hins vegar í umfjöllun um skipulag í starfsreglum um þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar nr. 56/2021-2022, sem samþykktar voru á framhaldskirkjuþingi í mars 2022. Þar sem kirkjuþing hefur ekki fjallað um ofangreint misræmi gat nefndin ekki haft hliðsjón af áður nefndum upplýsingum við ákvörðun sína.

Kjaranefnd kirkjunnar tók fyrst ákvörðun um laun biskups Íslands og vígslubiskupa 14. desember 2021 og gildi hún frá 1. september sama ár.

Kjaranefnd hefur fjallað um málið á nokkrum fundum. Nefndin gaf biskupi og vígslubiskupum, með bréfi dags. 21. nóvember sl., kost á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum varðandi ákvörðun um laun þeirra. Sameiginlegt svar barst frá vígslubiskupunum 22. nóvember sl. en ekki barst svar frá biskupi Íslands. Í bréfi vígslubiskupanna er greint frá því að í nýjum starfsreglum um vígslubiskupa, nr. 33/2022-2023, sé í fyrsta sinn kveðið á um stöðu fyrsta og annars staðgengils biskups. Fram til þess hafi staðgengilshlutverk verið metið til launa hjá þeim vígslubiskupi einum sem hefur lengri starfsaldur sem slíkur, en núna sé staðfest að báðir vígslubiskupar geti þurft að gegna staðgengilshlutverki fyrir biskup Íslands.

Þá barst kjaranefnd í tölvupósti hinn 24. nóvember 2022 erindi frá vígslubiskupnum í Skálholti þar sem hann vildi vekja athygli kjaranefndar á því að laun vígslubiskupa hefðu dregist aftur úr launum presta miðað við síðustu kjarasamninga. Þess hefði verið gætt við úrskurð launa hjá Kjararáði á sínum tíma að laun vígslubiskupa yrðu ekki lægri en laun prófasta. Kjaranefnd hefur skoðað þetta sérstaklega og tekið saman töflu yfir þróun launa biskupa og hæst launaða prófastsins frá úrskurði kjararáðs árið 2017. Þar kemur fram að laun biskups og vígslubiskupa hafa hækkað meira en laun viðkomandi prófasts. Líta má til þess varðandi laun nefnds prófasts að hann hefur viðbótarskyldur sem prófastur sérþjónustunnar og presta erlendis og fær greiddar aukaeiningar fyrir það, auk þess að vera sóknarprestur í stóru prestakalli.

Þegar kjaranefnd ákvarðar laun biskups Íslands og vígslubiskupa hefur hún einkum til viðmiðunar þróun launa á almennum vinnumarkaði og umfang starfanna, breytingar á launum presta samkvæmt kjarasamningi milli Prestafélags Íslands og Þjóðkirkjunnar - Biskupsstofu svo og breytingar á launum opinberra starfsmanna. Samkvæmt ákvörðun um laun biskups og vígslubiskupa sem tók gildi 1. sept. 2021 taka þau sömu almennum breytingum og laun presta. Þau hækkuðu síðast um 3% 1. apríl 2022.

ÁKVÖRÐUN

Að framangreindu virtu telur kjaranefnd ekki ástæðu til að breyta fyrri ákvörðun um laun biskups Íslands og vígslubiskupa að svo stöddu. Gera má ráð fyrir að laun þeirra taki breytingum með hliðsjón af væntanlegum kjarasamningi við Prestafélag Íslands. Núgildandi kjarasamningur gildir til 31. mars 2023.


Nefndin telur þó tilefni til að greiða þeim vígslubiskupi sem yngri er að biskupsvígslu tvær einingar sérstaklega fyrir staðgengilslutverkið.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. nóvember 2022.

Reykjavík, 12. desember 2022



Guðrún Zoëga, formaður



Anna Mjöll Karlsdóttir



Einar Karl Haraldsson